



## **254. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn í Árnesi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, miðvikudaginn 22. mars 2017 kl. 10:00.**

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, formaður, Ari B. Thorarensen, Anna Björg Níeldóttir, Ágúst Sigurðsson og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, Björgvin Skafti Bjarnason og Einar Bjarnason, fulltrúar í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Kristófer Tómasson, sveitarstjóri, Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, og Ólafur Gestsson, endurskoðandi, sem sat fundinn undir lið 1.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn og gesti velkomna.

Dagskrá:

### **1. Ársreikningur SOS 2016.**

Ólafur Gestsson endurskoðandi fór yfir niðurstöður ársreiknings. Tap var á rekstrinum sem nemur 6.826.525 kr. en áætlun gerði ráð fyrir tapi upp á 7.882.000 kr. Heildareignir nema um 182 mkr.

Reikningurinn var borinn upp til staðfestingar og samþykktur samhljóða. Stjórn áritaði ársreikninginn.

### **2. Skeiða- og Gnúpverjarhreppur.**

Kristófer og Skafti fór yfir stöðu úrgangsmála í sveitarfélaginu. Lífrænn úrgangur er jarðgerður á hverjum bæ en lífrænn úrgangur frá þéttbýliskjörnunum er jarðgerður í Skaftholti.

Samningur er í gildi við Íslenska gámafélagið ehf um sorphirðu til 2020. Þriggja tunnu kerfi er við heimili.

Tvö gámasvæði eru rekin í sveitarfélaginu, opin tvisvar í viku.

### **3. Greining úrgangsmála á starfssvæði SOS.**

Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, fór yfir áfangaskýrslu verkefnisins. Rædd voru næstu skref.

Skýrsla Stefáns verður send sveitarfélögunum í byrjun næstu viku.

### **4. Önnur mál.**

Næsti stjórnarfundur verður haldinn í Bláskógabyggð þar sem farið verður yfir stöðu á úrgangsmálum í sveitarfélaginu.

Formaður gerði grein fyrir beiðni um aðgang að svæðinu í Kirkjuferjuháleigu til rannsókna á oxun metans á urðunarstöðum. Stjórn samþykkir að veita aðgang að svæðinu í því skyni.

**5. Skoðunarferð í Skaftholt.**

Stjórn SOS fór í skoðunarferð í Skaftholt þar sem Gunnþór Guðfinnsson kynnti jarðgerð á lífrænum úrgangi.

Fundi slitið kl. 13:30.

Jón G. Valgeirsson  
Ari B. Thorarensen  
Anna Björg Nielsdóttir  
Ágúst Sigurðsson  
Ásta Stefánsdóttir